

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöðin Höfði Reykjavík



Dags eftirlits	7.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöðin Höfði	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Sævarhöfði 6 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5810962919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Torfason	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	Staðsetning	362038,627 405923,675

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu er varða mælingar á útblæstri, útblásturshraða og geymslu á spilliefnum og bílhræ á lóð. Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Malbikunarstöðina Höfða að Sævarhöfða 6-10.

Farið var yfir frávik er kom fram í síðasta eftirliti er varðaði ryk í útblæstri frá ViaNova stöðinni. Útblástur frá stöðinni var mældur aftur í september 2017 og var rykmagn þá undir mörkum. Aftur á móti hafa nokkrar kvartanir borist í sumar og haust vega ryks í útblæstri frá stöðinni. Samkvæmt rekstraraðila er ætlunin að mæla útblásturinn aftur í stöðinni í þessum mánuði. Var rætt í eftirlitinu að mögulega þyrfti að bæta vinnulag við eftirlit með hreinsivirkjum þar sem símælingar fara ekki fram.

Í útblástursmælingu frá ViaNova stöðinni er fram fór í september 2017 mældist útblásturshraðinn 16 m/s en samkvæmt gr. 2.4 í starfsleyfinu á útblásturshraðinn að vera a.m.k. 20 m/s og er það því frávik frá 2.4.

Mæling á frárennsli var framkvæmd af starfsmanni fyrirtækisins þann 24. júlí sl. og leiddi í olía var undir 15 mg/kg.

Útblástur frá Benninghoven stöðinni var mældur 5. september sl. en niðurstöður úr þeirri mælingu höfðu ekki borist ef eftirlitið fór fram. Síðast var mælt í stöðinni 2016 en samkvæmt gr. 3.3 á að mæla útblástur árlega nema ef símæling fari fram en þá á að mæla annað hvert ár. Engin símæling er í stöðinni þannig að þetta er frávik frá gr. 3.3.

Minniháttar umhverfisóhapp varð á árinu er löndunarlögn við asfalt geyma skemmdist. Greiðlega gekk að lagfæra og hreinsa upp asfaltið.

Farið var yfir skráningar samkvæmt gr. 3.1 og 3.2 og voru þær í lagi.

Rætt var um starfsleyfismál fyrirtækisins en núverandi starfsleyfi rennur út eftir 5 mánuði. Eru þau mál í ferli en útlit er fyrir að fyrirtækið muni þurfa að færa starfsemi sína innan skamms tíma.

Gengið var um svæðið og aðstæður skoðaðar. Við ViaNova stöð stóðu tveir 1000 l plasttancar með spilliefnum er notuð eru við framleiðsluna. Var annar tankurinn í lekabyttu en hinn stóð beint á jörðinni og hafði lekið úr tanknum. Samkvæmt grein 2.14 á rekstraraðili að ganga þennig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist úr í umhverfið. Telst þessi frágangur því vera frávik frá grein 2.14 í starfsleyfi.

Á lóð fyrirtækisins eru tvær númerslausar bifreiðar ótengdar rekstrinum. Í grein 4.9 í starfsleyfinu segir að á athafnarsvæðinu skuli ekki vera neinir hlutir eða efni sem truflað geti starfsemina eða valdið mengunarhættu. Telst þetta vera frávik frá grein 4.9 í starfsleyfinu.

Frávik frá

Grein 2.4

Lýsing á frávik

Samkvæmt grein 2.4 á útstreymishraði úr skorsteini að vera a.m.k. 20 m/s. Í mælingu er fram fór í september 2017 kom í ljós að útstreymishraðinn var aðeins 16 m/s.

Grein 2.14

Samkvæmt grein 2.14 á rekstraraðili að ganga þennig frá mengandi

efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist úr í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða grunnvatn. Einn 1000 l spilliefnatankur stóð ávarinn á lóð og hafði lekið úr honum.

Grein 4.9

Á lóð fyrirtækisins eru tvær númerslausar bifreiðar ótengdar rekstrinum. Í grein 4.9 í starfsleyfinu segir að á athafnarsvæðinu skuli ekki vera neinir hlutir eða efni sem truflað geti starfsemina eða valdið mengunarhættu.

Grein 3.3

Mæla á árlega vegna losunarmarka í gr. 2.8. Mælt var árið 2016 og svo ekki aftur fyrr en árið 2018 í Benninghoven stöð. Telst þessu frávikki vera lokið með mælingunni er fram fór í september 2018.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.10.2018



Sverrir Aðalsteinn Jónsson